

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

JÚNÍ 2016

6. tbl. 23. árg.

PANTÁÐU Á DOMINOS.IS
DOMINO'S APP SÍMI 58 12345



Alls útskrifuðust 35 nýir sjúkraliðar frá FB. Þess má geta að sjúkraliðar voru stærsti verknámshópurinn sem útskrifaðist að þessu sinni. Sjá frétt á bls. 8.

Sveinsbakari
Hólagarði og Arnarbakka

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

Iceland

FUNDID FÉ
Nýr miði Prófaðu!
HAPPA PRENNAN
Skemmtilegt að skafa!

RÉTTSKIL
BÓKHALDSSKRIFSTOFA
Ársreikningar Skattframtöl
Launaútreikningar o.fl.
Sími: 6600583 • 6966714
Rettiskil.is

Þú kemst alltaf í bankann á L.is

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

ÓDÝRARI LYF Í HÓLAGARÐI

Apótekið
-einfalt og ódýrt

Opið: Mán-fös: 10.00 -18.00 • Lau: 10.00 -14.00

Grillum í sumar!

Kjötborð í algjörum sérflokki

Þín verzlun
Seljabraut

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Landsprent ehf.

6. tbl. 23. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Breiðholt – byggð fjölbreytileikans

Nichole Light Mosty leikskólastjóri og formaður Hverfisráðs Breiðholts ritar grein á ensku í Breiðholtsblaðið að þessu sinni. Með því leitast hún við að ná til íbúa hverfisins af erlendum uppruna sem lesa ekki íslensku sér til gangs jafnvel þótt þeir skilji hana og tali að einhverju leyti. Ljóst er þótt margir eiga sér annan uppruna en enskan lítur fólk jafnan á ensku sem alheimstungumál og margir hafa náð að tileinka sér hana – alla vega að einhverju leyti.

Í greininni kemur fram að samkvæmt tölum Hagstofu Íslands árið 2015 hafi yfir fjögur þúsund íbúar í Breiðholti verið af fyrstu eða annarri kynslóð af erlendum uppruna. Skipting milli hverfa Breiðholtsins sé með þeim hætti 19,1% eða 746 búi í Bakkahverfi, 13,3% eða 1,096 í Seljahverfi, og 26,1% eða 2.324 í Efra Breiðholti. Hún bendir á að þessar tölur um fjölda fólks af erlendu bergi kalli á þörf á breytingum. Þær kalli á þörf fyrir hvernig fólk umgengst hvort annað, hvernig það gefur hvort öðru tækifæri, nálgast menntun, íþróttir, borgarskipulag og framtíð byggðarinnar.

Nichole segir ástæðu þessara skrifa vera nokkur erfið samtöl sem hún hafi orðið fyrir og ábendingar um að betra væri að innflytjendur færu aftur heim. Ein þessara ábendinga hafi komið frá ágætum kunningja hennar. Hún kveðst hafa spurt á mót hvort hún ætti þá sjálf að fara heim. Hann hafi svarað neitandi með þeim orðum að hún væri öðruvísi - orðin íslensk.

Hér er vissulega velt upp nokkuð viðkvæmu máli. Þótt margir – jafnvel flestir vilji taka aðkomnu fólki fagnandi og bjóða það velkomnið í sinn hóp eru þeir til sem telja að utan að komandi fólk falli ekki inn í samfélag okkar. Um þetta verða eflaust alltaf skiptar skoðanir en staðreyndin er sú að fólk flytur mun meira á milli landa en áður var. Íslendingar búa víða um heim og vilja að þeim sé vel tekið hvar sem þeir koma.

Fólk flytur með sér ýmsa þekkingu sem það er tilbúið að deila með heimaþingi og sækist í flestum tilfellum einnig eftir að kynnast nýja landinu, menningu þess og læra tungumálið. Atvinnulífið kallar eftir fleira fólki til þess að starfa í mörgum atvinnugreinum – byggingariðnaði, ferðapjónustu og til vísindastarfa svo nokkurs sé getið. Aðkomandi fólk hefur skapað fjölbreytileika í Breiðholti. „Breiðholt should be proud of the rich diversity“ eða Breiðholtið má vera stolt af miklum fjölbreytileika eins og Nichole kys að orða það.

Knattspyrnuhús og fegrun Mjóddarinnar

- eru á meðal þess sem fólk valdi í Betri Reykjavík

Fegrun umhverfis Mjóddarinnar í Breiðholti var eitt þeirra verkefna sem Breiðhýltingar lögðu áherslu á í kosningunni um Betri hverfi sem er nýlokið. Önnur hugmynd sem sett var fram var að bæta aðstöðu við tjörnina í Seljahverfi, setja upp borð og bekki og fegra svæðið sem heild. Stígar og leiksvæði voru einnig oft nefnd í kosningunni og má nefna gúmmimottur og ungbarnarólur í því sambandi og einnig að setja upp hjólagrindur við valda leikvelli. Knattspyrnuhús á ÍR svæðinu er langvinsælasta óskinn hjá Breiðholtsbúum í Betri Reykjavík.

Mjög góð stemning var í Breiðholti fyrir kosningunni um Betri enda settu Breiðhýltingar markið hátt og ætluðu sér strax að rjúfa 100 hugmynda múrinn. Engin takmörk voru á fjölda þeirra hugmynda sem hver og einn gat sett inn auk þess sem allir gátu sett inn hugmyndir í fleiru en einu hverfi. Á meðal hugmynda sem settar voru fram voru útigrill, ruslatunnuskrýmsli, fjölskyldusvæði, bókasafn, brosandir umferðarljós, lagfæringar á göngustígum, blak- og tennisvöllur, körfuboltavöllur, hringtorg, gangbraut, íþróttar- og leikjaparadís, lagfæringar á girðingu, planta trjám, stytur og margt fleira.

Í Breiðholti er öflugt hverfastarf með áherslu á samskipti kynslóðanna og fjölbreytni mannlífsins. Alls eru 450 milljónir til framkvæmda á þeim hugmyndum sem koma inn í ár og er það veruleg hækkun frá fyrri árum þegar 300 milljónir voru til ráðstöfunar. Af þeim renna 69.957.904 kr. til



Myndin var tekin af fjölmenni í Mjóddinni á Breiðholtsdegi fyrir nokkrum árum.

Breiðholtsins sem hlýtur hæstu upphæðina að þessu sinni.

Nýjar brýr og hjólastígur í Elliðaárdal

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri opnaði nýjan hjólastíg og brýr yfir hölmann í Elliðaárdal kl. 15 mánudaginn 30. maí sl. Tvær nýjar brýr voru opnaðar yfir Elliðaár en þó ekki fyrir bílaumferð. Því þær eru hluti af nýrri hjóla- og gönguleið þvert yfir Elliðaárhólma, sem liggur á sama stað og elsta þjóðleiðin til Reykjavíkur.

Stígurinn er tvíbreiður og er annar hlutinn ætlaður fyrir hjólréidamenn en hinn fyrir göngufólk sem samrýmist stefnu borgarinnar að skilja að umferð gangandi og hjólandi þar sem umferðin er mest. Einnig hefur verið byggð trébrú yfir vestari kvísl Elliðaána við undirgöng á mótis við Bústaðaveg og þar er einnig búið að setja upp aðstöðu til hjólavíðgerða, loftpumpu og



Ilmur Kristjánsdóttir varaborgarfulltrúi og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri hjóla á nýja stígum í veðurblíðunni í Elliðaárhólma á dögnum.

skiptilykla. Ný stígurinn tengist síðan öðrum stígum, bæði um Elliðaárdal og Fossvogsdal og innan tíðar mun stígur

með fram Stekkjarbakka og Bústaðavegi verða tekinn til notkunar.



Tölvur og gögn ehf.

PC & Mac

þekking og reynsla

Persónuleg og traust tölvupjónusta í Mjódd
erum í sama húsi og Íslandsbanki.



Parabakki 3, Mjódd
109 Reykjavík
Sími: 696-3436
www.togg.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996

Vaktsímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is • Allan sólarhringinn

Sverrir Einarsson Kristín Ingólfssdóttir Hilmar Erlendsson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



AAAAhhh

EINSTAKLEGA KÆLANDI
SÓLARVÖRN



NJÓTTU FYRSTU NIVEA
SÓLARVARNARINNAR **SEM KÆLIR**

VIÐTALIÐ

Breiðholtið á mikla möguleika

- segir Guðný Sigríður Hallgrímsdóttir skólastjóri leikskólans Hraunborgar

Eitt og annað er á döfni hjá leikskólanum Hraunborg um þessar mundir. Fyrir skömmu hlaut skólinn viðurkenningu fyrir að hafa náð fyrsta skrefinu af fjórum sem þarf að ná til þess að verða grænn vinnustaður. Í vor kom Reykjavíkurborg með tæki og tól til þess að endurgera lóð skólans sem mun verða til mikilla bóta fyrir allt starf skólans og þá ekki síst yngsta fólkið – börnin sem njóta skólavistar þar. Guðný Sigríður Hallgrímsdóttir er skólastjóri á Hraunborg en hún á yfir þrjátíu ára starf að baki í leikskólum í Breiðholti. Hún spjallar við Breiðholtsblaðið að þessu sinni.

Vinnuvélarnar stóðu þögular við Hraunborgina á laugardagsmorgni þar sem tíðinda- maður hafði mælt sér mót við skólastjórnann. Þetta var löng helgi. Hófst með þjóðhátíðardegi Íslendinga og margar fjölskyldur nýttu tímann til þess að taka sér frí. Því var kyrrð yfir byggðinni. Fremur fáir á ferli en innan dyra beið gott kaffi á kontór Guðnýjar. „Ég er ættuð austan af landi. Nánar tiltekið frá Eskifirði en kom hingað í hverfið 1982 þegar ég fór að starfa á Arnarborg í Neðra Breiðholti. Ég heyrði oft frekar neikvæðar raddir um hverfið sem voru nokkuð algengar á þessum tíma, en mér hefur alltaf líðið vel hérna og fundist gott að starfa hér. Ég hef búið í Breiðholti meira en þrjá áratugi og mér finnst byggðin hafa elst nokkuð vel. Þetta er gróðurseilt hverfi og fjölskylduvænt. Það urðu auðvitað nokkrar breytingar þegar þjónustan í hverfunum dróst saman inni í hverfinu eins og varð í Bökkunum og víðar í hverfinu þegar Mjóddin tók við sem þjónustukjarni. Eftir að hafa búið hér og starfað að uppeldismálum í allan þennan tíma fæ ég ekki betur séð en að Breiðholtið eigi mikla möguleika og góða framtíð sem byggðarkjarni í borginni.

Áhersla á læsi og þroskandi viðfangsefni

En að Hraunborg. Leikskólinn er staðsettur austanvert við Heilsugæsluna í Efra Breiðholti skammt frá Gerðubergi. Þetta er 70 barna leikskóli sem skiptist í þrjár deildir. Á yngstu deildinni eru börn frá 18 mánaða til þriggja ára en á hinum tveim frá þriggja til sex ára. Guðný kom til starfa í Hraunborginni í ágúst 1998. Hún segir ýmislegt hafa breyst á þeim tíma, á tæpum tveimur áratugum. „Þótt Hraunborg sé um margt hefðbundinn leikskóli þá hefur ákveðin þrún verið í gangi og margt breyst í starfinu. Við höfum þurft að hugsa starfið að mörgu leyti upp á nýtt. Leikskólastarfið var fyrst þegar ég kynntist því nær eingöngu byggt á frjálsum leik en svo var farið að þróa einstakar stundir þar sem kennarar höfðu forystu um hvað börnin væru að fást við og þá lögð áhersla á skapandi og þroskandi viðfangsefni. Við höfum einnig fengið nýjar áskoranir því börnum af erlendum uppruna hefur fjölgað að undanförunum og þeirra þarfir eru oft aðrar einkum þegar kemur að málþroska þar sem flest þeirra



Starfsfólk leikskólans Hraunborgar. Myndin var tekin þegar viðurkenningin fyrir græna skerfið var afhend. Guðný er til hægri með viðurkenningarskjalið.


eru tvítyngd - það er að segja þau læra móturmál foreldra sinna og íslensku og þá kemur eðlilega í hlut leikskólans að styrkja íslenskuna.“

Aukin áhersla á læsi

Ög áfram að leikskólastarfinu. Á meðal þeirra breytinga sem orðið hafa er vaxandi áhersla á læsi í viðum skilningi. Þótt lestrarkennsla sé ekki hluti af starfi leikskólans þá er unnið að því að leggja grunninn að læsi með því að efla hljóðkerfisvitund, orðaforða og frásagnargetu barnanna. Fyrir sjó árum förum við að vinna með nýtt kennsluefni til að þjálfa hljóðkerfisvitund og frásögn, þetta er spil sem heitir „Orðahljóð“ og myndasafn sem heitir „Sögugrunnur“, við notum þetta kennsluefni með tveim elstu árgöngunum. Þekking á stærðfræði fellur einnig undir hugtakið læsi og við vinnum með tölur og tölugildi. Við notum til dæmis kennsluefnið „Kátt er í Kynjadal“ með elstu börnunum. Við sinnum einnig útikennslu, þar sem börnunum er kennt að lesa í náttúruna og læra að njóta hennar.

Flest erlend börn fljót að ná íslenskunni

Talið berst að börnum af erlendum uppruna en Breiðholtið er eitt auðgasta borgarhverfið af fjölbreytileika á því sviði. Við teljum mikilvægt að þau læri tungumál foreldra sinna og bæti síðan íslenskunni við. Flest börnin sem hafa verið hjá okkur hafa verið fljót að ná tökum á íslenskunni, þau taka þátt í öllum læsistengdu uppá. Á leikskólaaldrinum er lagður grunnur að læsi, mikilvægt er því að nýta þennan tíma vel til þess að börnin læri tungumálið. Ég tel að við búum bæði yfir þekkingu og tæknilegru getu til þess að efla



Uppdráttur af endurgerðri skólalóð Hraunborgar en nú er unnið að endurbyggingunni og mun lóðin verða tilbúin síðar í sumar.

málfræni þeirra, málskilning og þroska. Að kunna fleiri en eitt tungumál er gott.

Heilsueflingin kemur inn í okkar starf

Talið berst að heilsueflandi Breiðholti. Átaki sem nú er í gangi á vegum þjónustumiðstöðvar Breiðholts. Guðný segir það snerta leikskólastarfið á margan hátt, við erum að skoða hvernig unnið er með líðan, hreyfingu, mataræði og lífsstíl. „Þetta er forvarnarverkefni sem verður í gangi til 2019, markmiði með því er að skapa betri aðstæður til heilsueflingar fyrir íbúa í hverfinu. Við hér í Hraunborg völdum að vinna með mataræðið þetta árið. Við útbjuggum 12 vikna matseðil sem rúllar allt árið, nú erum við að endurskoða hann með hliðsjón af þessu verkefni. „Ég tel að allar þær nýjungar sem unnið hefur verið að bæði hér og á leikskóla-



Á gömlu lóðinni við Hraunborg

stiginu öllu miði að því að efla leikskólastarfið“. Vinnuvélarnar bíða næsta virka dags og bæði kennarar og börn í Hraunborg

bíða eftir betra umhverfi og þar með bættri aðstöðu til útivistar að sumarleyfi loknu.



HVAÐA TÖLUR ÆTLAR ÞÚ AÐ KJÓSA?

FYRSTI VINNINGUR STEFNIR Í HUNDRAD OG FIMM MILLJÓNIR Á LAUGARDAGINN



ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is



Íslensk getspá er í eigu Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.

ALLTAF FULLT BORD AF FERSKUM FISKI OG FISKRÉTTUM

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.



Á myndinni eru: Frá vinstri; Jóhanna Ragnarsdóttir, starfsmaður FEB, Gísli Jafetsson, framkvæmdastjóri FEB, Ellert B. Schram, heilsuefning aldraðra, Óskar Dýrmondur Ólafsson, hverfisstjóri í Breiðholti, Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður FEB, Anna Kristín Bjarnadóttir, umsjónarmaður í félagsstarfi, Elísabet Karlsdóttir, verkefnastjóri félagsmiðstöðva í Breiðholti og Guðrún Árnadóttir í stjórn FEB.

Félag eldri borgara tekur við félagsstarfinu í Árskógum

Félag eldri borgara, FEB og Reykjavíkurborg hafa gert samning um að félagið annist félagsstarf í Árskógum. Með samningnum er tryggt að FEB hafi aðstöðu undir félagsstarfið sem og aðra umsýslu félagsins. Félagstarfið er opið öllum sem áhuga hafa auk þess sem hægt er að fá aðgengi að opnum rýmum og húsnæðið er lánað til ýmis konar námskeiða, hópa- og klúbbstarfs.

Bjartsýni ríkir með samstarfið og samningamenn voru á því að hér væri stigið jákvætt skref bæði

fyrir FEB og félagsstarfið í Árskógum. Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður FEB, taldi að samstarfið yrði bæði jákvætt og skemmtilegt. Verið er að byggja fleiri blokkir fyrir eldri borgara í hverfinu og þegar litið er á legu borgarinnar eru Árskógar nokkuð miðsvæðis. Að undirritun lokinni söng Helga Möller fyrir gesti og boðið var upp á kaffi og með því. Árskógar er ein af 17 félagsmiðstöðvum velferðarsviðs borgarinnar þar sem í boði er fjölbreytt félagsstarf.

Einkarekið apótek
Lágt lyfjaverð - góð þjónusta



**GARÐS
APÓTEK**
- rétt leið

Sogavegi við Réttarholtsveg

Opið kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • www.gardsapotek.is



Draumur á Jónsmessunótt



FLOTHETTAN –
fyrir draumkennt
sumar!

„Ég get ekki talað
núgu fallega um Sveita-
Samflotin og Flothettuna
hennar Unnar Valdísar.“
Thelma Björk jógakennari.

LÆKKAD VERÐ: 16.500 kr.



MÖNTRU ARMBÖND – fallegasta útskriftargjöfin?

Silfruð, gyllt, rósagull.
Einstakt veganesti út í lífið.

Gefandi möntrur/pulur/orð.

Verð: 6.500/7500 kr.



**LÍFRÆNN
ESPRESSÓBAR!**

Súrdeigssamlukur,
þeytingar, Acai skál,
chiagrautar, croissant,
kökur og margt, margt
fleira.

Alltaf úr besta hráefninu.

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Ný heimasíða: www.systrasamlagid.is
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:
Mjúkir mánudagar: 10 - 18.
Þri. - fös.: 9 - 18.
Laugardagar: 10 - 16.

Lilja Alfreðsdóttir utanríkisráðherra og
Dagur B. Eggertsson borgarstjóri

Afhjúpuðu Tungumála- regnbogann í Fellaskóla

Lilja Alfreðsdóttir, utanríkisráðherra og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri afhjúpuðu listaverkið Tungumálaregnbogann í Fellaskóla 30. maí sl. en nemendur skólans gerðu verkið í tilefni af Barnamenningarhátíð 2016.

Fellaskóli starfar í einu af fjölbreyttustu borgarhverfum Reykjavíkur þar sem fólk af ýmsum þjóðernum og frá breytilegum menningarheimum hefur fest búsetu. Menningarlegur fjöl-

breytileiki auðgar skólastarfið í Fellaskóla og lögð er áhersla á að virðing sé borin fyrir uppruna og menningu einstaklinga. Nemendurnir sem unnu listaverkið Tungumálaregnbogann og vildu með

því sýna þann menningarlega fjölbreytileika sem skólinn statar sig af. Í skólanum eru töluð meira en 20 tungumál á degi hverjum og má sjá þau öll í listaverkinu Tungumálaregnbogann.



Lilja Alfreðsdóttir og Dagur B. Eggertsson með nokkrum nemendum við Tungumálaregnbogann í Fellaskóla.

Elínborg sýnir í Gerðubergi



Elínborg Jónsdóttir myndlistarmaður.

Elínborg Jónsdóttir opnaði á dögunum sýningu á vatnslitamyndum í Menningarhúsinu Gerðubergi og stendur sýningin yfir til 4. september 2016. Vatnslitirnir hafa heillað Elínborgu allt frá því hún hóf að mála. Hún segir alltaf eitthvað óvænt og spennandi gerast þegar þeir fá að flæða óhindrað. Þeir hafi þá eiginleika að endurkasta ljósinu af pappírnum í gegnum tærleika litanna, segir listakonan.

Elínborg hefur sótt ýmis námskeið og nam myndlist í Danmörku um eins árs skeið 2002. Hér heima hefur það verið myndlistarmaðurinn og kennarinn Derek Mundell sem hefur hvatt hana til dáða en hún hefur sótt námskeið hjá honum við Myndlistaskóla Kópavogs. Árið 2014 var Elínborgu boðið að taka þátt í alþjóðlegri sam-sýningu vatnslitamála sem haldin var í Mexíkó.

Elínborg fæst við fjölbreytileg viðfangsefni í verkum sínum svona eftir því hvað það er sem heillar hana hverju sinni. Hún sækir meðal annars myndefnið í náttúruna; landslag, blóm og dýr. Hún málar skemmtilegar myndir af gæludýrum eftir pöntunum en á fésbókar-síðunni Studio Loppa má sjá afrakstur þeirrar iðju.

Elínborg hefur haldið einkasýningar á vatnslitamyndum í Bókasafni Hveragerðis og Bókasafni Árborgar. Hún hefur einnig fengist við að mála akrýlmyndir og sýndi þær á Café Milano en viðfangsefnið á þeirri sýningu var draumkenndar mánagyðjur.

Nói Síríus kynnir:

Nóa
Lakkrís

Síríus
Rjómasúkkulaði



EINSTÖK ÁSTARSAGA

Þegar tvær íslenskar hetjur sameinast gerist eitthvað stórkostlegt.

Nóa Lakkrís er ekta íslenskur lakkrís. Hann er sætur og kröftugur í senn. Hann er lungamjúkur, með djúpu lakkrísbragði og anísundirtóni, sem tryggir þér alveg einstaka bragðupplifun. Síríus súkkulaði þekkja Íslendingar vel og hafa átt í ástarsambandi við um árabil. Hið silkimjúka Síríus rjómasúkkulaði bráðnar uppi í þér og í Nóa Rjómaperlum umlykur það mjúkan lakkrísinn, sem er einmitt þróaður til að fara einstaklega vel með súkkulaði. Saman mynda Nóa Lakkrís og Síríus rjómasúkkulaði einstakt par sem þú átt hreinlega eftir að elska.

NÚ Í UERSLUNUM NÁLÆGT ÞÉR

NÓA
Lakkrís
Réttu bragðið



Sjálfbærni - Samfélagsábyrgð

Reinhard og Karólína Inga Reykvíkingar ársins

- renndu fyrir lax í Sjávarfossi eftir að tilkynnt var um tilnefninguna



Dagur B. Eggertsson ásamt Reykvíkingum ársins, þeim Reinhard Reinhardssyni og Karólínu Ingu Guðlaugsdóttur.

Reinhard Reinhardsson, pípulagningamaður og skógarbóndi og Karólína Inga Guðlaugsdóttir í Viðarási hafa verið valin Reykvíkingar ársins og var valið tilkynnt við opnun Elliðaána á mánudagsmorgun. Karólína Inga veiddi um 12 punda punda hæng og Reinhard veiddi annan lax skömmu síðar í Elliðaánum við þetta tækifæri.

Sú hefð hefur myndast að tilkynna hver hafi verið valinn Reykvíkingur ársins við opnun ána og rennir hann fyrstur fyrir lax í Sjávarfossi. „Reykvíkingur ársins er valinn eftir tilnefningu frá borgarbúum sjálfum. Þá er leitað eftir fólki sem er að gera samfélaginu gagn án þess kannski að búast við að hljóta viðurkenningu fyrir verkið. Þau Reinhard og Karólína hafa verið að rækta í kringum sig svæði sem áður urðu aurskriður í rigningum þannig að lak ofan í næstu garða og eiginlega niður að Suðurlandsbraut. Þau hafa mikinn skógarlund sem hefur vakið bæði aðdáun og þakklæti í þeirra umhverfi. Þau hafi sýnt útsjónarsemi við ræktunina og skógarlundurinn hafi orðið til þrýði og skapað skjól, sem þau eigi þakklæti fyrir,“ sagði Dagur B. Eggertsson borgarstjóri við það tækifæri.

Útskriftarhátíð FB í Hörpu

150 nemendur útskrifuðust



Útskriftarhópurinn í Hörpu.

Myndir: Jóhannes Long

Alls útskrifuðust 150 nemandur frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti í Hörpu þann 25. maí, þar af voru 78 nemandur með stúdentspróf. Stærsti verknámshópurinn voru nemandur af sjúkraliðabraut en alls útskrifuðust 35 nemandur af brautinni. Þá útskrifuðust 17 af húsasmíðabraut, 11 af rafvirkjabraut og 7 af snyrtibraut. Einnig útskrifuðust 7 nemandur af starfsbraut, 2 nemandur af handiðabraut og 2 skiptinemar fengu skírteini. 9 nemandur luku tveimur brautum þannig að alls voru 159 skírteini afhent. 15 nemandur fengu skírteini um framhaldsskólapróf í vikunni.

Fjölmennti var við athöfnina og lék rokkhljómsveitin Storyteller, sem skipuð er núverandi og fyrrverandi nemendum skólans við athöfnina auk tveggja gestaspilara. Þá voru veitt verðlaun fyrir góðan árangur í ýmsum greinum. Flestum verðlaunum sópaði til sín Martyna Laura Kapszukiewicz af listnámsbraut en hún hlaut verðlaun fyrir bestan árangur á stúdentsprófi svo og verðlaun í dönsku og ensku. Þá hlaut hún einnig viðurkenningu frá Soroptimistakúbbi Hóla og Fella og verðlaun úr Styrktarsjóði Kristínar Arnalds fyrrverandi skólameistara FB fyrir bestan árangur í íslensku. Sigrún María Jónsdóttir af félagsfræðabraut hlaut verðlaun frá Rótarýklúbbsi Breiðholts fyrir þátttöku í félagsstörfum. Andrés Wolanczyk hlaut verðlaun fyrir bestan árangur á stúdentsprófi í íþróttafraeði og íþróttagreinum, raungreinum og stærðfræði. Emil Steinar Björnsson fékk viðurkenningu fyrir mestrar framfarir á námstímanum á starfsbraut. Donata Nutautaité hlaut verðlaun fyrir bestan árangur á sjúkraliðabraut. Samtök Iðnaðar-



Martyna Laura Kapszukiewicz tekur við verðlaunum úr hendi skólameistara Guðrúnar Hrefnu Guðmundsdóttur.



Sigrún María Jónsdóttir hlaut Rótarýverðlaunin.

ins veittu verðlaun fyrir bestan árangur á burtfararprófi í iðngreinum og þau hlutu Birgir Haraldsson, húsasmíðabraut,

Sævar B Ólafsson, rafvirkjabraut og Hólmfríður M. Benediksdóttir, snyrtibraut.

www.tattoo.is

CLASSIC TATTOO
REYKJAVÍK

Arnarbakki 2
sími: 7722171

Opið 12:00-19:00 mánudaga til föstudaga
tattoo@tattoo.is

Aðalfundur framundan?

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.



www.eignausmjón.is
S. 585 4800, Suðurlandsbraut 30.

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:

511 1188 & 895 8298

Líður þér illa í hjartanu?

1717

opin - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands

Breiðholt should be proud of the rich diversity

Today I decided to send in an editorial piece as one of the 4.166 residents of immigrant background out of the total 21.274 residents in Breiðholt. I am not writing this for our Community Council. I am writing this as a representative of and for, the not so minority immigrant population here in Breiðholt. True this is an Icelandic paper, in an Icelandic neighborhood in the Capital city of Iceland, and I do speak Icelandic. I thought however, it might be nice for a few of the immigrants who are still working on their Icelandic also to be able to read an article with a little ease. I apologize that I cannot write in Polish, Nepalese, Thai, French, Danish, Spanish or any other of the near 100 languages spoken in our community.

Maybe with this article I can provoke people to move on from tolerance into a realm where empathy and understanding have value. For you see those of us who struggle to teach our children their heritage language whilst also struggling to learn Icelandic are at times really struggling to feel acceptance. We are also trying to keep a bit of our heritage, ideas, culture and beliefs whilst learning and accepting Icelandic values, customs, beliefs and traditions.

„No not you, you are different. You have become Icelandic”

The reason I write this is due to a few difficult conversations I have had as of late. I was told just a few days ago by a person I respect, that they did not really like all this integration stuff. It would be better if the immigrants would go back home it is “too much”. I asked if I should leave too, my friend looked at me as if I were joking smiled and said “No not you, you are different. You have become Icelandic”. Which I really don't believe to be true, I simply think I have worked hard at balancing, accepting and adjusting. Even though I am proud to have dual citizenship, I will never be Icelandic.

Is it enough to hold special days where immigrants are allowed to “share their culture”?

Another instance was in regards to integration within our community. Another neighbor told me things are fine here in Breiðholt we don't need to worry about integration or children learning their mother language



Nichole, Derya og dóttir hennar á góðum degi í leikskólanum.

in our schools, its enough to have friends and learn to speak Icelandic. I ask is it enough to simply see immigrants in our community? Is it enough to hold special days where immigrants are allowed to, or better yet asked to “share their culture”?

There were 4.166 inhabitants in Breiðholt

According to Hagstofa Íslands in 2015 there were 4.166 inhabitants in Breiðholt either of first or second generation immigrant background. Distribution between the various neighborhoods in Breiðholt looks like this: 19.1% or 746 in Bakkahverfi, 13.3% or 1.096 in Seljahverfi, and 26.1% or 2.324 in Efra Breiðholt. Those are not alarming numbers, but yes these numbers represent a need for change. A change in how we react to each other and develop as a community. These numbers represent nothing more than diversity. These numbers provide us with an opportunity to become more and different, to be creative in how we approach education, sports, city planning and our future.

My son said to me not so long ago that he wanted to be like Barack Obama

I come from a country which was built upon the backs of immigrants and today shamefully enough there are problems. My ethnic background is Polish, Czech, Irish, Dutch and French. My children have all that and 50% Icelandic too! How exciting is that? They are so privileged to live

here in a community where their best friends come from Nepal, French Guiana, The Philippines, Bildudalur in the West Fjords, Lithuania, Peru and Slovakia just to name a few places. They have no prejudice as this is what they know and we as parents do all we can to cherish the experience's provided by getting to know their parents as well. My son said to me not so long ago that he wanted to be like Barack Obama. I thought wow way to aim high and asked if he wanted to be President of the United States. He said “No Mama I want to be brown, have an accent and be cool like him.”

Do we meet each other half way or are we waiting for them to “become Icelandic”

Do we adults live with this same luxury, to not differentiate the skin color or ethnicity of our neighbors? Do we often sit to the same table and break bread with our foreign neighbors? I hear often the excuse for lack of participation and activity in our sports clubs or amongst our parent groups has to do with their ethnicity or lack of understanding for Icelandic. But do we provide our neighbors with an equal opportunity to participate in their own manner? Do we meet each other half way or are we waiting for them to “become Icelandic” and participate according only to our ways?



Hér er Nichole sem er leikskólastjóri í Breiðholti að sýna börnum og fullorðnum kort af heiminum.

It was not an easy decision for me or my family

Here in our community we have every opportunity to cherish diversity and create an environment where various culture's are allowed to flourish together side by side. I wonder often why I see so few comments from immigrants on the popular Facebook page for our community? Or why there are no advertisements in Polish or Thai in our local paper? I know I have taken my slaps for writing poor Icelandic or daring to step up and be visible in our community. It was not an easy decision for me or my family. My only hope is in that doing so, others will do the same. When over 20% of our community is seen but not heard, that make for an uncomfortable bedfellow. To those of you who dislike me for not being Icelandic enough, please realize I am okay with the fact that you are not very American and that I am thankful to learn from and grow with you. I am sure I speak for the majority of our minority population when I say this.

Canada can be a world leader and the role of diversity in improving their great nation

I would like to leave you with a quote from Justin Trudeau Prime Minister of Canada. He was speaking at the World Economic Forum in Davos Switzerland about how Canada can be a world

leader and the role of diversity in improving their great nation. “ Still others question diversity. People of different cultures and languages cannot live together harmoniously, they say. Diversity means instability and insecurity. Diversity is dangerous. I don't believe any of that... And yes, we can embrace diversity and the new ideas that spring from it, while simultaneously fostering a shared identity and shared values in safe, stable communities that work.”

That is our community dear neighbors. Breiðholt should be proud of the rich diversity she has and build upon it. I hope the next Breiðholtsblað has an article written in Albanian, French, Polish or any other language represented here.

Nochole Ligh Misty.

Gerðu góðverk í dag
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Opið alla daga frá kl. 11 til 23.

Kebab express

Lóuhólar 4, nálægt Dominospizza Sími: 557 1414

Coca-Cola

Nýtt og betra grenndargámakerfi á höfuðborgarsvæðinu - auknir flokkunarmöguleikar

Nú er verið að taka í notkun nýja og stærri grenndargáma fyrir pappír og plast ásamt því að gámar fyrir gler hefur bæst við á margar stöðvar og mun þeim fjölga á næstu teimur árum.

Með bættu grenndargámakerfi eru fastir losunardagar á öllum stöðvum og tíðni losunar verður endurskoðuð með hliðsjón af notkun gámana.

Staðsetningar grenndarstöðvanna hafa ekki breyst.

Á öllum stöðvum eru gámar fyrir plastumbúðir og á flestum stöðvum er einnig hægt að skila



pappír, gleri, fatnaði og skilagjaldsskyldum umbúðum.

Lista yfir grenndargáma-stöðvar er að finna á sorpa.is.

Breiðholtsskóli

Tíundi bekkingar héldu veglega útskriftarhátíð

Glæsilegur útskriftarhópur kvaddi Breiðholtsskóla á liðnu vori. Nemendur á árgangi 2000 luku sinni tíu ára grunnskólagöngu með því að halda veglega útskriftarhátíð á sal skólans. Þetta var virðuleg og hátíðleg athöfn sem hófst með leik Skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts undir stjórn Snorra Heimissonar.

Gaman er að segja frá því að einn útskriftarnemandi leikur í hljómsveitinni, Anna Lilja Atladóttir. Einnig lék Sólveig A. Guðmundsdóttir einleik á selló við undirleik Þóru Fríðu píanóleikara. Lilja Maren Elíasdóttir söng lag til heiðurs útskriftarnemendum. Hátíðarræður voru haldnar en þar stigu á stökk Jónína Ágústsdóttir skólastjóri, Karen Birta Kjartansdóttir fulltrúi nemenda og Guðmundur Valsson fulltrúi foreldra. Að lokinni afhendingu á vitnisburði var nemendum veittar viðurkenningar í einstökum fögum og háttum og

að lokum buðu foreldrar upp á veglegar veitingar í tilefni dagsins. Við kveðjum 10. bekkinga okkar með söknuði, þökkum þeim fyrir góð kynni og samveru í gegnum árin og óskum þeim alls hins besta í framtíðinni.

Kynning á verkefnum

Fimmtudaginn 2. júní kynntu nemendur í 10. bekk lokaverkefni sín fyrir foreldrum og gestum. Í þetta sinn var þemað "Maðurinn í umhverfinu" og sýndu nemendur vefsíður, stuttmyndir, líkón, tilraunir og bæklinga. Kynningar hjá öllum hópunum tókust mjög vel og nemendur lýstu yfir ánægju sinni með svona vinnu. Eftir kynningu á verkefnum gátu gestir skoðað kynningabása sem nemendur höfðu sett upp og spjallað við höfundana.



VEIÐIKORTIÐ



Eitt kort
35 vötn
6.900 kr

Frelsi til að veiða!

www.veidikortid.is



www.veidikortid.is



FASTEIGNASALA REYKJAVÍKUR
SKEIFUNNI 17

**FRÍTT
VERÐMAT**
ENGAR SKULDBINDINGAR

HRINGDU NÚNA
820 8081



Brynjólfur Þorkellsson
Sölufulltrúi

Sylvía G. Walthersdóttir
Löggiltur fasteignasali

Salvör Davíðsdóttir
Nemi til löggildingar fasteignasala

Sjöfn Ólafsdóttir
Skrifstofa

www.fr.is
sylvia@fr.is

Heilsuefning aldraðra

Samkvæmt mannfjöldaspá Hagstofunnar mun hlutfall eldri borgara af samfélaginu í heild fara hækkandi á næstu árum. Gert er ráð fyrir að hlutfall 65 ára og eldri af þjóðinni fari úr 13,5% árið 2015 í 20% árið 2035 og meðalævi Íslendinga mun lengjast.




Aldraðir eru mikilvægur hluti af samfélaginu og gegna þar fjölbreytum verðmætum hlutverkum, á vinnu-markaði, innan fjölskyldna og vinahópa, í félags-, góðgerða- og sjálfbæðisstarfi. Góð heilsa á efri árum auðveldar fólki að halda þessum hlutverkum í samfélaginu og lifa fullnægjandi og sjálfstæðu lífi.

Nýlega skilaði starfshópur um heilsuefning aldraðra skýrslu til borgarstjóra. Þar kemur fram að eldri borgarar eru 11,5% af íbúum Reykjavíkur en hlutfallið er mismunandi eftir hverfum borgarinnar eins og sést á neðan-greindri mynd.



Þórdís Gísladóttir.



Hlutfall aldraðra af heildaríbúum hvers hverfis borgarinnar

Heilsuefning aldraðra í Breiðholti fyrir aldraða

Í Breiðholti er í gangi verkefnið Heilsuefning aldraðra sem er aðgerðaráætlun hverfisins í forvörnum. Með Heilsuefning aldraðra tekur hverfið forystu í Reykjavík með heildstæða áætlun fyrir alla aldurshópa í hverfinu. Eins og áður hefur komið fram í pistlum um Heilsuefning aldraðra í Breiðholtsblaðinu taka stofnanir og félagsamtök virkan þátt í verkefninu. Lykilþættir eru næring, hreyfing, líðan og lífsstíll.

Heilsuefning aldraðra er í boði í Breiðholti. Félagsmiðstöðvarnar Gerðuberg, Árskógar og Seljahlíð eru hluti af Heilsuefning aldraðra og bjóða upp á heilsuefning verkefni sem stuðla að félagslegri virkni og hreyfingu. Góð heilsa á efri árum er afar mikilvæg en rannsóknir sýna að hreyfing hefur jákvæð áhrif á heilsu og marktækur munur er á heilsufari þeirra sem hreyfa sig reglulega einu sinni eða oftari í viku og þeirra sem gerðu það ekki. Eldri borgarar í Breiðholti eru hvattir til að kynna sér starfið í félagsmiðstöðunum þar sem boðið er upp á fjölbreytta hreyfingu og félagsstarf.

Breiðholt Festival verður í Seljahverfinu í ágúst

Breiðholt Festival verður haldin í hjarta Seljahverfisins sunnudaginn 14. ágúst í sumar. Þetta er í annað sinn sem efnt er til þessarar hátíðar en hátíðin fyrir ári þótti takast mjög vel. Breiðholt Festival er fjölskylduvæn minningarhátíð og aðgangur er öllum opinn og ókeypis. Dagskrárliðir fara meðal annars fram í Skúlpúrgarðinum við Ystasel, Ölduselslaug og Gróðurhúsinu hljóðveri.

Á hátíðinni er sjónum því beint að þeirri listsköpun og menningarlífi sem fer fram í Breiðholti, með þátttöku listamanna úr ýmsum listgreinum sem tengjast hverfinu. Auk þess er boðið upp á fjölbreyttar listasmiðjur fyrir gesti hátíðarinnar. Framleiðandi hátíðarinnar er plötuútgáfan Bedroom Community, sem fagnar einmitt 10 ára afmæli í ár. Eitt af yfirmarkmiðum hátíðarinnar er að vekja athygli á þeirri fjölbreyttu og frambærilegu listsköpun sem tengist hverfinu. Einnig viljum við stuðla að



Tónlistartriði frá Breiðholt Festival á síðasta ári.

jákvæðri mynd og uppbyggingu hverfisins og hvetja hverfisbúa til að koma út úr húsum sínum, kynnast og njóta menningarinnar göngufærs í heimabyggð sinni.

Á meðal dagskrárliða eru úti-markaður, stofutónleikar, myndlistarsýningar, dansverk, listasmiður, teiknimyndanámskeið, innsetningar og margt fleira.

Þrjá myndir á Kvikmyndahátíðinni Filmunni



Sigurveggarar Filmunnar 2016.

Frístundamiðstöðin Miðberg hélt sína árlegu kvikmyndahátíð, Filmuna þann 27. maí síðast liðinn í samvinnu við Sambíóin Álfabakka og Barnamenningarhátíð Reykjavíkur. Þetta er í fjórða sinn sem hátíðin er haldin og voru aðstandendur hennar virkilega ánægðir með árangurinn. Myndirnar eru búnar til af börnunum sjálfum, þau skrifa handrit, leika og taka þátt í eftirvinnslu undir leiðsögn fagmenntaðra starfsmanna í kvikmyndagerð. Mikil áhersla er lögð á að komu barnanna í gerð myndanna og eru verkefni fjölbreytt og krefjast mismunandi hæfileika og áhugasviðs.

Markmið verkefnisins er að kynna börnunum fyrir kvikmyndagerð og þeim fjölbreytileika sem hún býður upp á og möguleikum hennar sem vettvangur til að koma sköpunarþörf sinni á framfæri. Börnin leggja mikinn metnað í myndirnar og er skemmtilegt að sjá hvernig börnin nota kvikmyndagerð til þess að takast á við það sem þeim er hugleikið. Viðfangsefnið sem börnin velja sér að fjalla um í ár og í gegnum árin hafa verið fjölbreytt og má þar nefna drauga, tímaflakk, einelti og mannrán.

Hátíðin fór fram í Sambíóunum í Álfabakka, föstudaginn 27. maí sl. og sýndar voru þrjár myndir frá frístundaheimilunum Bakkaseli, Regnboganum og Hraunheimum. Um 300 manns komu og sáu myndirnar og voru það bæði börn og aðstandendur kvikmyndagerðarmanna ungu. Veitt voru verðlaun í fjórum flokkum, fyrir besta handrit, besta leik, bestu búninga og verðlaun fyrir bestu myndina. Sigurvegararnir fengu glæsilegan bikar og allir þátttakendur fengu viðurkenningarskjal fyrir árangur sinn. Verðlaunahátíðin fór fram strax á eftir sýningu myndanna og hlaut Bakkasel verðlaun fyrir best leiknu myndina, Hraunheimar fyrir besta handrit og Regnboginn fyrir bestu búningana ásamt því að vinna aðalverðlaunin sem voru verðlaunin um bestu mynd Filmunnar 2016

Leikstjóri og umsjónarmaður verkefnisins er Hafsteinn Vilhelmsson en hann hefur stjórnað og þróað verkefnið í fjögur ár. Hátíðin er búin að vera hluti af barnamenningarhátíð í Reykjavík síðustu tvö ár.



Ert þú í söluhugleiðingum?

Við erum til þjónustu reiðubúin
-örugg fasteignaviðskipti



Heiðrún Björk Gísladóttir hdl.
Löggiltur fasteigna- og skipasali



Björn Þorri Viktorsson hfl.
Löggiltur fasteigna- og skipasali



Jóhann Örn B. Benediktsson
Skrifstofustjóri

Miðborg fasteignasala • Sundagarðar 2 • 104 Reykjavík • Sími 533 4800
www.midborg.is

TVÆR TÖSKUR TIL N-AMERÍKU

FLJÚGÐU VEL

MEÐ ICELANDAIR

*Alltaf innifalið: Frjálst sætaval við bókun | Afþreyingarkerfi 350 klst. | 10 kg handfarangur
Meira pláss milli sæta | Ein ferðataska allt að 23 kg til Evrópu og tvær töskur til N-Ameríku
Matur fyrir börnin | Óáfengir drykkir og dagblöð | Vildarpunktur | Flug- og flugvallarskattar*



Getraunarnr. 111

www.leiknir.com

Leiknir var stofnað 1973

Austurbergi 1, Efra Breiðholti



Grænlenku vinir okkar spiluðu æfingarleik á móti strákunum í 6. og 7. flokki. Fór vel á með liðunum.

Heimsókn frá Grænlandi

Átján barna hópur frá Grænlandi kom til Íslands um miðjan júní til að taka þátt í Smábæjarleikunum á Blönduósi. Þessi flottu hópur hefur einnig dvalið í Reykjavík og gisti í Miðbergi.

Var því tilvalið að bjóða þeim afnot af Leiknissvæðinu á meðan á dvöl þeirra stóð í Breiðholti. Þessir galvösku krakkar tóku þátt í fótballskóla Leiknis og Dominos í nokkra daga og höfðu mjög gaman af. Einnig voru spilaðir vinaleikir á milli þeirra og 6. og 7. flokks Leiknis og gekk báðum liðum mjög vel og skiptu á milli sín sigrunum. Við hjá Leikni þökkum þessum flottu krökkum fyrir komuna og góð kynni og óskum þeim alls hins besta.



Hér má sjá hluta þeirra sem tóku þátt í Norðurlásmótinu á Akranesi fyrr í júnímánuði.

Leiknir á Norðurlásmóti

Sjöundi flokkur Leiknis tók þátt í Norðurlásmóti á Akranesi nú í júní og var þetta fyrsta stórmót margra knárra knattspyrnusníllinga.

Gengið liða var frábært fyrsta daginn og urðu liðin í efstu sætum sinna riðla. Aðeins hallaði undan fæti hvað sigrana varðar seinni hluta mótsins en það skyggði ekki á gleði þátttakenda. Rigningin þessa helgi gerði það ekki heldur enda jákvæðir iðkendur og foreldrar á ferð sem fátt slær út af laginu.

Á döfunni er N1 mót á Akureyri sem 5. flokkur fer á og svo eru 3. og 4. flokkur á leið til Gautaborgar. Við munum flytja ykkur fréttir af þeim ferðalögum síðar.

Gott er að nota tækifærið og minna á að meistaraflokkur Leiknis mun spila á Seyðisfirði laugardaginn 9. júlí og það væri gaman ef Leiknisfólk myndi mæta og styðja sína menn. Gott að taka eina útilegu á Austfjörðum!

Áfram Leiknir!

Græenir 
SKÁTAR
– við elskum dósir!

Söfnunarkassar í þínu hverfi eru m.a. við:
Arnabakka • Austurberg • Seljaskóla

Samspil þriðja árið í röð

Íþróttin sem sameinar ólíka uppruna

Samspil – Samvera og sigrar er þróunarverkefni sem er styrkt af Velferðarráðuneytinu í ár. Samspil er að hefja starfsemina þriðja sumarið í röð á skólalóð Hólabrekkuskóla og hugmyndasmiðurinn Eva Dögg Guðmundsdóttir forsvarsaður verkefnisins er þakklát að geta boðið öllum börnun sem áhuga hafa á, að nýta sér gjaldfrjálsar íþróttaæfingar. Æfingarnar verða á mánudögum og miðvikudögum í júní og júlí frá klukkan 16.00 til 17.15.

Samspil á sér ekki hliðstæðu í íslensku íþróttalífi eins og staðan er núna. Ástæðan er að Samspil samtvinnar fjölbreytta íþróttaiðkun og fræðslu um fordóma, einelti, staðalmyndir og valdeflingu einstaklinganna. Börnin þurfa bara að mæta við fótballavöllinn á skólalóð Hólabrekkuskóla og skrá sig en að öðru leiti er engin krafa um íþróttafatnað, né áframhaldandi íþróttaiðkun.

Ánægjulegt að vera við Hólabrekkuskóla

Eva Dögg er með mastersgráðu í menningar- og innflytjendafraeðum frá Háskólanum í Hróarskeldu í Danmörku og hugmyndin að Samspil kviknaði þegar hún sat við skrifir á mastersritgerð sinni. „Ég vil byrja á að þakka skólustjóra Hólabrekkuskóla, Hólmfríði G. Guðjónsdóttur kærlega fyrir afnot af skólalóðinni, annað árið í röð. Hún tók afskaplega vel í erindi mitt að hafa æfingarnar á lóðinni og ekki skemmdi fyrir að „gamall“ nemandi hennar, Donika Kolica mun stýra æfingunum í ár,“ segir Eva Dögg.

Að styðja við réttindi barna

Eva Dögg fann Doniku eftir að hafa séð viðtal við hana hjá DV fyrr í vetur og setti sig í samband við hana. Donika er Breiðhyllingur, MR-ingur, skákmeistari, dóttir, systir og vinkona en umfram allt með hjartað á réttum stað. „Donika passaði fullkomlega inn í hugmyndafræði SAMSPILS. Donika talar um mannréttindamál í viðtalinu og hversu erfitt það sé að horfa upp á að fólkið heima í Kosovo hafi ekki fengið sömu tækifæri og hennar fjölskylda. Þar sem að ein að grunnhugmynd Samspils sem er að styðja við réttindi barna og allir hafi aðgang að skipulagðri frístundaíðkun, var ég vongóð um að hún vildi taka þátt í þessu“ segir Eva Dögg.

En hver er Donika?

Donika er 19 ára og er að hefja lokaárið sitt í MR í haust. „Ég og fjölskylda mín vorum flóttamenn frá Kosovo. Hjartað mitt mun alltaf slá í Kosovo, þó svo að ég sé um margt orðin mjög íslensk og á íslenska vini. Þegar ég hugsa um framtíðina, þá langar mig til að taka þátt í að byggja upp Kosovo og reyna að vinna að réttlátara samfélagi,“ segir Donika. „Ég er í tveimur störfum og í raun hafði ég ekkert hug á því að bæta við mig en Samspil er ekki bara íþróttaiðkun en líka fræðsla til að stuðla að minnkun fordóma í samfélaginu og þá var ég alveg tilbúin og vildi fyrir alla muni taka þátt í þessu. Börn eiga ekkert nema gott skilið og æskan er svo mikilvæg að geta gleymt sér um stund og haft gaman. Ég vil vera hluti af þannig verkefnum og láta gott af mér leiða,“ segir Donika.



Eva Dögg og Donika Kolica.



Frá íþróttaæfingum Samspils á liðnu ári

Fylkir sér um íþróttakennsluna

En hverjir eru annars með ykkur í þessu, þið gerði þetta ekki bara tvær?

Donika og Eva brosa. „Nei - það er satt. Íþróttafélagið Fylkir ætlar að sjá um íþróttakennsluna í ár og hún verður ekki af verri endanum. Við verðum með handbolta, körfubolta, knattspyrnu og parkour. Árni Jónsson hjá Fylki tók afskaplega vel í að taka þátt í Samspili í ár. Þeir hjá Fylki eru með flott fagfólk sem íþróttaþjálfara og það verða því Thea Imani Sturludóttir, handboltaungstirni og efnilegi knattspyrnumaðurinn Ásgeir Börkur Ásgeirsson sem að sjá um kennsluna.“

Viljið þið Donika og Eva koma einhverju að í lokin?

„Já - við viljum bara hvetja ungmennin í hverfinu sem að eru í 3. 4. og 5 bekk að mæta á æfingarnar og hafa gaman saman í sumar. Hreyfing og gleði með vinum er mikilvægur hluti af vellíðan í æsku.“

Guðjón Ingi skrifar og gefur út bók um Lars Lagerbäck

Lars Lagerbäck og íslenska landsliðið heitir nýtkomin bók eftir Guðjón Inga Eiríksson. Í henni er rakinn ferill hins sænska landsliðsþjálfara Íslands áður en hann tók við landsliðsþjálfarastarfi Íslands, fjallað um aðdragandann að ráðningu hans hingað til lands og um samstarf og verkaskiptingu hans og Heimis Hallgrímssonar, uppbyggingu blaðamanna- og liðsfunda þeirra og farið yfir alla landsleiki Íslands, allt frá því að þeir tóku þar við stjórn og fram að þeim síðustu.

Er þá fátt upp talið, en bókin er í senn bæði skemmtileg og fræðandi.

Formaláð bókinni ritar Dagur Sigurðsson, þjálfari þýska karlalandsliðsins í handbolta, sem varð Evrópumeistari undir hans stjórn í janúar síðastliðnum. Þar kemur hann m.a. inn á hugarfar sigurvegarans og ættu allir sem tengjast íþróttum og fyrirtækjarekstri að lesa það sem hann hefur fram að færa – vilji þeir á annað borð vera í sigurlíði. Það er Bókautgáfan Hólar í Breiðholti sem gefur bókina út.



Kápa bókar Guðjóns Inga um Lars Lagerbäck.

Líf og fjör á vinsælum sumarnámskeiðum ÍR

Tugir eftirvæntingarfullra 6 til 9 ára krakkar mættu til fyrsta dags á sumarnámskeiði ÍR „SUMARGAMAN“ í ÍR-heimilið Mánudaginn 13. júní sl. Námskeiðin sem eru deildaskipt með íþróttadeild annars vegar og lista- og leikjadeild hins vegar höfða til mjög breiðs hóps barna sem sýnir sig í mikilli aðsókn.

Íþróttakrakkarnir stunda fjölbreyttar íþróttir mestan hluta námskeiðsins en þeir sem velja lista- og leikjadeild vinna að allskonar listskópun og fá hreyfingu í gegnum leiki. Börnin úr báðum deildum fara svo í ævintýraferðir saman um Breiðholtið og heimsækja áhugaverða staði í Reykjavík. Hvert námskeið stendur í viku og hægt að velja hálfan dag fyrir eða eftir hádegi eða að vera allan daginn. Heitur matur í hádeginu stendur til boða fyrir þá sem það kjósa. Yfirleidd-beinandi er Sigríður Ósk Fanndal íþróttifræðingur sem starfað hefur hjá ÍR undanfarin ár með frábærum árangri. Henni til aðstoðar eru 12 aðstoðarleidd-beinendur. Námskeiðin standa yfir fram í miðjan ágúst og skráning fer fram á heimasíðu ÍR www.ir.is. Nánari upplýsingar á skrifstofu ÍR eða í síma 587-7080. Að neðan eru myndir frá fyrsta námskeiði sumarsins.



ÍR-ingar í sigursætum á Möltu

ÍR-ingar stóðu sig mjög vel á Smáþjódamótinu á Möltu sem fór fram 11. júní.

Hrafnhild Eir Hermóðsdóttir sigraði í 200 m hlaupi á 24,56 sek og í 2. sæti í 100 m á 12:15 sek, aðeins sjónarmunur var á milli hennar og sigurvegarans, en sterkur mótvindur var í hlaupinu. Guðni Valur Guðnason stóð sig einnig frábærllega, sigraði í kringlukasti með 3 m lengra kasti en næsti maður, hann kastaði 60,05 m. Aníta Hinriksdóttir varð fyrst í 800 m hljóp á 2:01,71 mín, og var 3 sek á undan næsta keppanda í mark. Óðinn Björn Þorsteinsson varð 3. í kúluvarpinu með 18,38 m. Hlynur Andrésson varð í 5. sæti í 3000 m á 8:28,58 mín og Ívar Kristinn

Jasonarson varð í 9. sæti í 400 m á 49,09 sek. Í 1000 m boðhlaupunum, þar sem hlaupnir eru 100 m, 200 m, 300 m, 400 m sigruðu íslensku konurnar á tímanum 2:08,44 mín en sveitina skipuðu Hrafnhild Eir Hermóðsdóttir, og Aníta Hinriksdóttir auk tveggja FH-inga. Karlarnir urðu í 3. sæti en þar hljóp Ívar Kristinn ásamt þremur FH-ingum. Íslenska liðið varð í 2. - 3. sæti í stigakeppninni sem er frábær árangur sé tekið mið af því að aðeins 16 keppendur skipuðu liðið. ÍR þjálfararnir Jón H. Oddsson og Pétur Guðmundsson voru með liðinu auk þess sem Árni Arnason ÍR-foreldri var sjúkrapjálfari íslenska liðsins.

Afreksfólk og þjálfarar ÍR hljóta styrki úr Magnúsarsjóði

Árleg úthlutun úr Magnúsarsjóði, menntunar- og afreksjóði ÍR fór fram um miðjan júní. Sjóðurinn varð til með gjöf frá Magnúsi Þorgeirssyni ehf í tilefni af 100 ára afmæli ÍR árið 2007.

Markmið sjóðsins er að veita afreksfólki í öllum deildum innan ÍR styrk vegna æfinga og/ eða keppni og búa þeim sem besta aðstöðu til að stunda íþrótt sína og að veita þjálfurum og leiðbeinendum sem starfa á vegum ÍR styrk til að sækja viðurkennd þjálfaranámskeið og/eða aðra menntun sem eflir þá í starfi.

Úthlutun úr sjóðnum á þessu sinni nam kr. 1.150.000 og hlutu eftirtaldir styrki úr sjóðnum:

- Keiludeild ÍR vegna landsliðsverkefna.
- Kórufuknattleiksdeild vegna unglíngalandsliðsmanna í NM og EM.
- Handknattleiksdeild vegna unglíngalandsliðsmanna á EM og þjálfaramenntun.
- Knattapyrnudeild vegna afreksverkefnis á unglíngastigi og þjálfaramenntun.
- Frjálsíþróttadeild vegna undirbúnings unglínglinga fyrir HM og afreksmanna vegna EM og ÓL.



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Tölvupóstur: ir@ir.is
Heimasíða: ir.is

Tristan Freyr Norðurlandameistari

Tristan Freyr Jónsson er Norðurlandameistari í tugbraut 18 til 19 ára. Hann stóð sig gríðarlega vel á NM í tugbraut í Huddinge í Svíþjóð en hann varð bæði Norðurlandameistari auk þess að ná HMU20 lágmarki.

Tristan leiddi keppnina allan tímann og bætti sig í nokkrum greinum þrátt fyrir erfiðar keppnisáðstæður. Hann hlaut 7.261 stig sem er bætting síðan í fyrra. Spennandi verkefni framundan hjá Tristani, mót í Mannheim í Þýskalandi og síðan HMU20 í Póllandi. Þráinn Hafsteinsson þjálfari Tristans var að sjálfsögðu með honum á mótinu enda mjög nauðsynlegt að íþróttamenn hafi sína þjálfara með þegar keppt er á svo stórum mótum.



Tristan Freyr í stuði á móti.

Fjögur Íslandsmet á einu móti

74. vormót ÍR var haldið í finu veðri á Laugardalsvelli. Góður árangur náðist á mótinu og var töluvert um bættingar auk þess sem þrjú Íslandsmet féllu. Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir ÍR setti stúlknamet 15 ára í 200 m hlaupi þegar hún hljóp á 25.04 sek, gamla metið sem var 25.04 sek var orðið 10 ára gamalt og í eigu Helgu Margrétar Þorsteinsdóttur úr USVH.

Andrea Kolbeinsdóttir ÍR keppti í 2000 m hindrunarhlaupi og hljóp á 7:05,87 mín sem er undir lágmark á EMU18 í Tbilisi í Georgíu í sumar en lágmarkið er 7:25 mín. Andrea er skammt frá Íslandsmetinu í greininni sem er rétt undir 7:05 mín. Thelma Lind Kristjánsdóttir ÍR sem

tekið hefur mjög stórstígum framförum í kringlukastinu kastaði 48,07 m og náði lágmarki á HMU20 í Póllandi í sumar. Vigdís Jónsdóttir FH setti kvennamet í sleggjukasti þegar hún kastaði sleggjunn 58,56 m, eldra metið átti hún sjálf 58,43 m sem hún setti sjálf í maí 2015. Signý Hjartardóttir Fjölni setti aldursflokkamet í 2000 m hindrunarhlaupi, 14 og 15 ára, 9:26,46 mín. Sigurjón Sigurbjörnsson ÍR setti Íslandsmet í flokki 60-64 ára í 3000 m hlaupi, 11:00,32 mín, glæsilegt hjá Sigurjóni. Hlynur Andrésson ÍR sigraði í Kaldalshlaupinu og það með yfirburðum hljóp á 8:39,96 mín. Flott mót og það er ekki oft sem fjögur Íslandsmet falla á einu og sama móti.



GETRAUNANÚMÉR

ÍR ER

109

HEIMASÍÐA ÍR www.ir.is

Pitt hverfi hefur hækkað einna mest síðastliðið ár.

LÁTTU OKKUR SELJA FYRIR ÞIG. *Heyrumst* 510 7900

LIND
FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

Fasteiganverð hefur hækkað mest í Breiðholti



Fasteignaverð hefur hækkað mest í Breiðholti á liðnu ári eða um tæp sextán prósent. Þetta er mikil breyting frá liðnum árum þegar ekki var mikil eftirspurn eftir íbúðum í borgarhlutanum. Meðalkaupverð seldra fasteigna í fjölbýli í Efra Breiðholti var 15,9 prósentum hærra á fjórða ársfjórðungi 2015 en það var á sama ársfjórðungi 2014. Meðalhækkun á mati íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu er 9,2%. Matið mest hækkar í Bústaðarhverfi eða um 20,1% og um 16,9% í Fellunum og um 16,3% í Réttarholti.

Engin ein ástæða virðist vera fyrir þessari breytingu. Fólk virðist leita meira til þeirra svæði þar sem það telur sig geta gert betri kaup til. Lengi hefur verið hægt að kaupa stærri fasteignir í Breiðholti fyrir sambærilegt verð og minni fasteignir í öðrum hverfum t.d. í Miðborginni og í Vesturbænum. Góð kaupþækifæri hafa að öllum líkindum aukið eftirspurnina og fleira fólk kys að leita fasteigna á þeim stöðum þar sem það kemst af með að skulda minna. Fólk af erlendu bergi brotnu er einnig hlutfallslega fleira í Breiðholtshverfunum en víðast annars staðar og kann það að skýra hluta þessarar þróunar. Breiðholtið er fjölmennasta hverfi Reykjavíkur en þar búa um 17,3 prósent Reykvíkinga, sem telja 20.698 íbúa. Í hverfinu er hlutfall fólks með erlent ríkisfang mismunandi efir hverfishlutum. Árið var 2013 var hlutfallið 24,6 prósent í Efra-Breiðholti, 16,2 prósent í Neðra-Breiðholti og 11,8 prósent í Seljahverfi. Breiðholtið hefur einnig verið talsvert í umræðunni sem byggð þar sem verið er að laga hlutina. Eitt og annað hefur verið gert og sú neikvæða umræða sem oft átti sér stað um Breiðholtsbyggðir í árdaga hverfisins og lengi fram eftir verður stöðugt fjarlægari og mun fæla færra fólk frá að setjast þar að en áður.

ALLT Á GRILLIÐ

Þú færð allt fyrir góða grillveislu í Iceland



SÓSUR, SALÖT, SYKURPÚÐAR O.FL.



Urval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

Breiðholtsblaðið

www.borgarblod.is